

**165. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. ágúst 2018 í Flókalundi**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson.

*Fundarritari:* Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 18:30.

**Fundargerð 164. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

**Styrkumsókn frá Vör og Hafrannsóknarstofnun: Umsókn um styrk til Breiðafjarðarnefndar fyrir rannsókn á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði**

Óskað eftir styrk að upphæð 2.000.000 kr. til rannsókna á vistfræði strandsvæða.

**Afgreiðsla:**

Samþykkt að veita Sjávarrannsóknasetrinu Vör 300.000 kr. í tengslum við verkefnið.

**Drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, þjóðgarðastofnun**

Drög lögð fram.

**Afgreiðsla:**

Umræða um frumvarpsdrög, drög unnin áfram og umsögn skilað fyrir 5. september.

**Erindi til kynningar frá Grundarfjarðarbæ: aðalskipulagstillaga á vinnslustigi og umhverfisskýrsla**

**Afgreiðsla:**

Erindi lagt fram til kynningar.

**Önnur mál**

**Verkefni ritara**

Formanni og ritara fengið að forgangsraða verkefnum á framkvæmdaáætlun.

**Undirbúningur fyrir fund með umhverfis- og auðlindaráðherra, 16. ágúst**

**Fundi slitið kl. 19:40**

**Næsti fundur áætlaður 3. september**

Nefndin nýtti fyrri part miðvikudagsins í að fræðast um svæðið frá Reykhólum að Flókalundi undir dyggri leiðsögn Sveins Ragnarssonar frá Svarfhóli í Reykhólahrepp. Ferðin hófst á Stað í Reykhólahrepp þaðan sem Kristján og Sigfríður fóru með nefndina inn eftir Þorskafirði með hugsanlegar veglínur Vestfjarðarvegar í huga. Frá Stað var haldið í átt að



Flókalundi með viðkomu í Kvígindisfirði, Bæ á Bæjarnesi og Skálmarnesmúla. Þaðan var keyrt yfir að Firði og loks var komið í næturstað í Flókalundi. Daginn eftir heimsótti nefndin Siglunes undir leiðsögn þratar Reynissonar. Nefndin þakkar fyrir góðar móttökur á ferð sinni um svæðið.